

## Staða og þróun innra mats í Hamraskóla frá 2022 til 2024

### Framkvæmd

Þessi samantekt fjallar um sjálfsmat 14 grunnskóla í Reykjavík austur vorið 2024 og dregur fram niðurstöður úr mati teymis í Hamraskóla á stöðu innra mats í skólanum út frá viðmiðum um innra mat.

Mat á innra mati grunnskóla í Reykjavík austur nær til sex þátta innra mats:

1. Gæði framkvæmdar – markmiðsbundið innra mat sem er samofið daglegu skólastarfi.
2. Hvati til innra mats.
3. Matsferli: matsaðferðir og ígrundun – kerfisbundið innra mat sem byggir á traustum og fjölbreyttum upplýsingum.
4. Árangur og afleiðingar.
5. Þátttaka hagsmunaaðila – innra mat er samstarfsmiðað og byggir á lýðræðislegum vinnubrögðum.

Hver þessara þátta var metinn á fimm punkta kvarða:


- Stig 1: Engin framkvæmd innra mats til staðar
- Stig 2: Þróun verklags í innra mati er komin stutt á veg og ófullnægjandi
- Stig 3: Grunnkröfum um verklag í innra mati er mætt
- Stig 4: Verklag í innra mati er vel þróað og staða þess góð
- Stig 5: Verklag í innra mati er til fyrirmyndar og samofið daglegu skólastarfi

Teymi í hverjum skóla lagði mat á stöðu innra mats í sínum skóla haustið 2022 og aftur vorið 2024. Þessari samantekt er ætlað að varpa ljósi á þær breytingar sem hafa orðið á innra mati skólanna á þessum tveimur árum.

Þann fyrirvara er vert að hafa í huga varðandi túlkun á heildarniðurstöðum að þær byggjast á mati mismunandi hópa sem mögulega hafa gefið sér mismunandi forsendur þó svo að mati byggji á sömu viðmiðunum. Niðurstöður ber því að túlka einungis sem vísbendingar.

## Niðurstöður

Eftirfarandi mynd sýnir niðurstöður, annars vegar fyrir Hamraskóla haustið 2022 og vorið 2024 (súlur) og hins vegar fyrir skólana 14 í Reykjavík austur (línur).



Niðurstöður fyrir Hamraskóla 2022 og 2024 og heildarstaða skólanna 14 til samanburðar


Bláu súlurnar á myndinni sýna stöðu Hamraskóla á hverjum þætti haustið 2022 og grænu súlurnar sýna stöðuna í skólanum vorið 2024. Á flestum þáttum hefur skólinn náð að bæta sig um 1 til 2 stig á kvarðanum 1-5. Mestar eru framfarir í ‚gæði framkvæmdar‘ og ‚matsaðferðir‘. Einnig eru miklar framfarir á þáttunum ‚hvati til innra mats‘, ‚aðgengi upplýsinga‘ og ‚árangur og afleiðingar‘ sem bendir til þess að niðurstöður úr innra mati liggi í auknum mæli til grundvallar þróun skólastarfsins. Sóknarfæri snúa helst að því að virkja fleiri hagsmunaaðila til þátttöku og bæta enn aðgengi upplýsinga.

Gráa línán á myndinni sýnir niðurstöður á hverjum þætti þegar tekið er meðaltal allra skólanna 14 árið 2022. Appelsínugula línán sýnir meðaltöl fyrir skólana eins og þeir meta stöðu sína vorið 2024. Staðan í Hamraskóla er um eða yfir meðaltali á flestum þáttum 2024 nema hvað varðar þátttöku hagsmunaaðila og aðgengi upplýsinga. Að jafnaði hafa skólarnir 14 verið að bæta sig sem nemur um einu stigi á hverjum matsþætti. Heilt yfir liggur enn sóknarfæri hjá skólunum í að finna leið til að virkja fleiri hagsmunaaðila til þátttöku, halda áfram að þróa matsaðferðir sínar og auka aðgengi að niðurstöðum og áætlunum um umbætur.

Á myndinni hér að neðan eru allir matsþættir teknir saman og skólum raðað niður eftir eftirfarandi flokkun meðaltala:

- Skólar sem lítið sem ekkert eru að vinna í innra mati: Meðaltal matsþátta frá **1,0 – 2,5**
- Skólar sem vinna í innra mati en þurfa að bæta matið: Meðaltal matsþátta frá **2,6 – 3,5**
- Skólar sem eru að vinna vel að innra mati og staða þess er góð: Meðaltal matsþátta frá **3,6 – 5,0**

Bláu súlurnar á myndinni sýna heildarniðurstöður allra skóla haustið 2022 og gráu súlurnar sýna heildarniðurstöður skólanna vorið 2024. Hamraskóli er meðal þeirra tíu skóla þar sem verklag við innra mat telst vel þróað eins og staðan er vorið 2024.



Samanburður á stöðu skólanna 2022 og 2024